

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 27. febrúar 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:40. Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðaði forföll.

Á fundinum var klárað að fara yfir umsóknir og úthlutunarupphæðir til verkefna. Beðið var með að afgreiða eina umsókn þar sem óskað var eftir viðbótagögnum.

Lokafundur vegna yfirferðar umsókna verður haldinn 1.mars kl. 9:00-11:00.

Stjórn ræddi svolítið um stöðu einangraðra skóla út á landi og er vilji fyrir því innan stjórnar að finna leiðir til að styðja betur við landsbyggðarskóla í því skyni að fjölga umsóknum þeirra til sjóðsins. Stjórn mun ræða þetta nánar á næstu fundum.

Fundi slitið 11:50